

## Umhverfisstefna

Með aðild að Vakanum hefur SBA-Norðurleið skuldbundið sig til að stuðla að sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu á Íslandi. Rekstur hópferðabifreiða getur haft neikvæð áhrif á umhverfið. Fyrirtækið er meðvitað um þau áhrif og hefur sett sér skýr viðmið til að lágmarka þau eins og kostur er. Umhverfisstefnan er endurskoðuð reglulega og byggir á lögum og reglugerðum sem gilda um umhverfismál á Íslandi. Fyrirtækið leggur áherslu á endurnýtingu, endurvinnslu, verndun umhverfisins og lágmarkun úrgangs. Það er okkar hatur, eins og annarra Íslendinga, að landið beri ekki skaða af ágangi ferðamanna. Við gerum besta til að svo verði ekki.

### **Aðgerðir sem gripið hefur verið til til að lágmarka umhverfisáhrif fyrirtækisins:**

- Endurnýja aðeins bílaflota fyrirtækisins með bifreiðum sem uppfylla tilskilda evrópska mengunarstaðla á hverjum tímapunkti.
- Nota bifreiðir sem hæfa hópastærðum sem best.
- Úrgangur fyrirtækisins er flokkaður, endurnýttur og enduruninn auk þess sem reynt er að draga úr úrgangsmagni eins og kostur er.
- Bílstjórar fyrirtækisins hafa fengið fræðslu í vistakstri til að lágmarka olíunotkun og útblástur.
- Bann við óþörfum lausagangi bifreiða.
- Þjálfa starfsmenn með umhverfisstefnu fyrirtækisins að leiðarljósi. Koma henni á framfæri við viðskiptavinum okkar og leiðbeina þeim hvernig þeir geta tekið þátt í að aðstoða okkur.

### **Reglur um lausagang bifreiða**

Í reglugerð um varnir gegn loftmengun (nr. 788/1999, 6 gr.) er kveðið á um að óheimilt sé að skilja ökutæki eftir í gangi þegar þau eru yfirgefin. Jafnframt að óheimilt er að láta vélar kyrrstæðra ökutækja ganga lengur en í örstutta stund nema sérstaklega standi á.

### **Aðstæður sem réttlæta lausagang bifreiða geta t.d. verið:**

- undirbúningur aksturs í frosti
- mikill raki sem safnast á rúður og hindrar útsýni
- ef olíumiðstöð er ekki í lagi (nauðsynlegt að upplýsa verkstæði um bilun)
- ef loftkerfi er óþétt (nauðsynlegt að upplýsa verkstæði um bilun)

### **Sérstaklega skal forðast lausagang bifreiða:**

- við skóla, íþróttamannvirki og hótél
- í íbúðarhverfum
- þar sem margar hópferðabifreiðar bíða á sama tíma eftir farþegum, t.d. úr skemmtiferðaskipum

## Umgengni við náttúruna

Starfsmönnum SBA-Norðurleiðar er uppálagt að haga allri umgengni við náttúruna þannig að hún beri ekki skaða af. Starfsmönnum ber að virða gildandi lög um náttúruvernd og fara eftir reglum í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum.

Ávallt eru notaðir merktir vegir eða viðurkenndir ökuslóðar. Aðeins er ekið yfir vatnsföll á stöðum sem til þess eru ætlaðir og farið er út í ár og upp úr þeim þannig að komið sé í veg fyrir skemmdir á bökkum.

Merktir áningarstaðir eru notaðir eins og kostur er og þegar þeir eru yfirgefnir er gengið úr skugga um að ekkert rusl sé skilið eftir.

Bílstjórar og leiðsögumenn minna gesti á ábyrga hegðun gagnvart umhverfinu.

Starfsmenn eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um friðlýst svæði og svæði á náttúruinjasrá en þær er að finna á vef Umhverfisstofnunar <https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/>.